

Minnisblað v. skólamáltíða í grunnskólum

Garðabær hefur frá því í ágúst 2011 verið með samning við Skólamat ehf. vegna heitra máltíða til handa grunnskólabörnum í hádegishléi. Þessi samingur var gerður á grundvelli útboðs á skólamálsverðum í grunnskólum Garðabæjar og rennur hann út þann 30. júní 2014. Í 4. gr. samningsins er kveðið á um framlengingar ákvæði í 1 ár í senn allt að þrisvar sinnum. Sl. vor var gerð tilraun til að bjóða út rekstur mötuneytis í Sjálandsskóla með það markmið að eldað væri á staðnum en ekki komu nein tilboð í þann rekstur.

Skóladeild Garðabæjar leggur til að gengið verið til samninga við Skólamat um framlengingu samning til eins árs með gildistíma frá 25. ágúst 2015 til 30. júní 2016.

Þegar verð á skólamáltíðum til sveitarfélaga eru borin saman er vert að hafa í huga að sú þjónusta sem veitt er samhliða er ólík frá einu sveitarfélagi til annars. Í Garðabæ sér skólamatur um að útvega starfsfólk til að undibúa matinn, sjá um skömmtnun, ganga frá og þrifa matsal. Sæi Garðabær um þetta er áætlað kostnaður vegna þess um 10.000.000.- eða sem nemur þremur stöðugildum skólaliða

Á liðnu skólaári hefur nemendum sem kaupa heitan mat í hádegi fjölgað talsvert. Það kemur sennilega til af tvennu. Annars vegar er talsverð fjölgun nemenda í grunnskólum Garðabæjar og hins vegar hefur Skólamatur gert sér far um að bæta þjónustu með því að hlusta á raddir nemenda og foreldra m.a. með því að sitja fundi í skólaráðum og hjá Grunnstöð. Samningur frá skólamat er vísitölutryggður og því verða breytingar á gjaldskrá miðað við vísitölu í júlí.

Í upphaflegri gjaldskrá frá september 2011 var verð til foreldra fyrir hádegisverð kr. 428 og verð fyrir síðdegishressingu kr. 136. Garðabær niðurgreiddi þá máltíð niður um 30 krónur og síðdegishressingu um 59 krónur. S.l. ár var niðurgreiðsla bæjarins 130 krónur af máltíð og 82 krónur af síðdegishressingu, verð til foreldra hefur verið óbreytt frá því samingur var gerður árið 2011.

Við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2015 var gert ráð fyrir að gjaldskrá vegna skólamáltíða væri hækkuð. Síðar var fallið frá gjaldskrárhækkun á skólamáltíðum og því þarf að koma til viðauki við þann lið fjárhagsáætlana umfram vísitölutengdra verðhækkana hjá Skólamat.

Ef verð til foreldra er hækkað um 5% þá þarf viðauka upp á í 13.896.444.- við fjárhagsáætlun 2015 í stað 16.630.312.- miðað við óbreytt verð til foreldra. Heildarniðurgreiðsla bæjarins árið 2015 verður þá 35.883.000.- ár ársgrundvelli í stað 41.994.000.- miðað við óbreytt verðlag.

Í þeim sveitarfélögum sem notuð eru til samanburðar við útreikninga hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort og þá hvenær komi til breytinga á verðskrá.

Verð frá skólamat	2011-2012	2012-2013	2013-2014	2014-2015	2015-2016
Hádegisverður	458	483	499	558	567
Síðdegishressing	195	206	212	218	221

Miðað við óbreytta niðurgreiðslu frá Garðabæ 71/76

	Hádegisv.	Síðdegishr.
Gjaldskrá 2014-2015 (greiðsla foreldra)	428	136
Gjaldskrá 2015-2016 (greiðsla foreldra)	437	140
Hækkun á gjaldskrá (greiðslu foreldra)	9	4
Niðurgreiðsla Garðabæjar	130	82

Árlegt framlag Garðabæjar miðað við 1400 börn í hádegismat og 450 börn í síðdegishr.

	32.760.000	6.642.000	39.402.000
Niðurgreiðsla Garðabæjar til áramóta 2014-2015			17.627.211
Eftir á fjárhagsáætlun			2.156.477
Niðurgreiðsla til áramóta umfram fjárhagsáætlun			15.470.734

Óbreytt gjaldskrá greiðsla foreldra hækkar ekki

Gjaldskrá 2015-2016 (greiðsla foreldra)	428	136
Niðurgreiðsla Garðabæjar	139	86

Árlegt framlag Garðabæjar miðað við 1400 börn í hádegismat og 450 börn í síðdegishr.

	35.028.000	6.966.000	41.994.000
Niðurgreiðsla Garðabæjar til áramóta 2014-2015			18.786.789
Eftir á fjárhagsáætlun			2.156.477
Niðurgreiðsla til áramóta umfram fjárhagsáætlun			16.630.312

Verð til foreldra hækkar um 5%

Gjaldskrá 2015-2016 (greiðsla foreldra)	450	143
Niðurgreiðsla Garðabæjar	117	79

Árlegt framlag Garðabæjar miðað við 1400 börn í hádegismat og 450 börn í síðdegishr.

	29.484.000	6.399.000	35.883.000
Niðurgreiðsla Garðabæjar til áramóta 2014-2015			16.052.921
Eftir á fjárhagsáætlun			2.156.477
Niðurgreiðsla til áramóta umfram fjárhagsáætlun			13.896.444

Til samanburðar vegna verðs á skólamáltíðum til foreldra nú á vorönn 2015

Sveitarf.	Verð		
Hafnarfjörður	427	-	Skólamatur
Kópavogur	420	-	Skólamatur
Seltjarnarnes	420		
Mosfellsbær	355		
Reykjanes	350	-	Skólamatur
Akureyri	411		

